

1. tölublað, 6. árgangur. Apríl 2010

FRÍMÚRARINN

Fréttblað Frímúrarareglunnar á Íslandi



**Frímúrararastarf
rís úr öskustó
í Eyjum • 6**

Aukinn áhugi
og þátttaka
í starfsemi
Reglunnar • 10



Gæði Úrval Þjónusta



Þín verzlun

Seljabraut 54 • 557 1780



Kjölföt

- Fjárfesting í glæsileika



- Úrval kjölfata
- Kjólskyrtur
- Lakkskór
- Hattar
- Fylgihlutir

Ég hef borið ábyrgð á klæðaburði þúsunda karlmannna í þrjá áratugi. Ég er þakklátur fyrir traustið sem viðskiptavinir hafa ávallt sýnt mér.

Sigurður Þorláksson. Bobo

Sigurður Þorláksson (Bobo)




karlmenn

Laugavegi 7 Sími: 551 3033

Loftræstikerfi

•
Kerrusmíði

•
Ál og Stálsmíði

•
Öll almenn blikksmíðavinna

**BLIKKSMÍÐJAN
BORG ehf.**

Flugumýri 8 • 270 Mosfellsbæ
Sími: 587 6040 • Fax: 587 6045
Framkvæmdastjóri: Sigurður B Hansen




Hjá Úlfari

**Er fiskurinn
of góður fyrir þig?**

**FRATER.IS
VEFVERSLUN**

ALLT SEM FRÍMÚRARINN DÆRFNAST



WWW.FRATER.IS

PIPUHATTAR - ERMARNAPPAR - SKYRTUHAPPAR
NÆLUR - PINNAR - SVERÐ - SEDLAVESKI
LYKLAKIPPUR - KVEIKJARAR - HANSKAR



Stofnað 1979

*Velkomin
í Lauga-ás*

Við leggjum sérstaka áherslu á að hafa á boðstólum ferskasta hráefni sem völin er á hverju sinni. Við erum þekkt fyrir fiskrétti okkar, fjölbreytni í matargerð og að bjóða rétti sem almennt eru ekki á markaðnum.

Útgefandi

Frímúrarareglan á Íslandi
Skúlagötu 53-55,
Pósthólf 5151, 125 Reykjavík

Ritstjóri

Steinar J. Lúðvíksson (X),
stjl@simnet.is

Ritstjórn

Gunnlaugur Claessen STR (R&K) (ábm.)

Guðbrandur Magnússon (IX)
gudbrandur.magnusson@gmail.com

Jónas Gestsson (X)
jonasgestsson@simnet.is

Páll Júlíusson (IX)
pj@pj.is

Steingrímur S. Ólafsson (IX)
denni@islandia.is

Pór Jónsson (III)
thor@pressan.is

Auglýsingar

Páll Júlíusson (IX)
pj@pj.is

Prófarkalestur

Bragi V. Bergmann (VI)
bragi@fremri.is

Netfang

Greinar sendist til
frimur@centrum.is
merktar: Frímúrarinn

Prentun:

Litlaprent ehf., Kópavogi

Efni greina í blaðinu eru skoðanir höfunda og þurfa ekki að vera í samræmi við skoðanir Reglunnar. Höfundar efnis framselja birtingarrétt efnisins til útgefanda. Ritstjórn áskilur sér rétt til að ritstýra aðsendu efni.

Forsíðumynd

Frímúrarahúsið við Kirkjubæjarbraut í Vestmannaeyjum sumarið 1973.
Ljósmynd: Garðar Arason.

„Markmið Reglunnar er að göfga og bæta mannlífið.

Reglan vill efla góðvild og drengskap með öllum mönnum og auka bróðurþel þeirra á meðal.“

Gróska í starfinu

Það verður ekki annað sagt en starfið innan Frímúrarareglunnar á Íslandi gangi vel. Fundasókn hefur verið með eindæmum góð og nær það til flestra stiga og stúkna. Sennilega hafa aldrei fleiri mætt á Regluhátið og Stórhátíðin var einnig sú fjölmennasta í manna minnum. Gróska er í öllu starfi stúknanna og aðsókn að Reglunni mjög mikil.

En auk hins venjumbundna Reglustarfs vinna bræður að margvíslegum hugðarefnum sínum innan Reglunnar. Mér kemur meðal annars tónlistarstarfið í hug. Allir vitum við hve tónlistin á ríkan þátt

í að skapa rétta umgjörð á fundum okkar. Og þar vinna tónlistarmenn okkar mikilvægt starf. Þeir eru ávallt boðnir og búnir að miðla okkur hinum af list sinni og fyrir það erum við bræðurnir þakklátir. Frímúrarakórinn er stolt okkar allra og sú vinna sem kórfélagar leggja í æfingar og annan undirbúning er aðdáunarverð. Útgáfa á disknum „Tónlist úr stúkustarfi“ í tengslum við 90 ára afmæli Eddu er líka sérlega þakkarvert framtak.

Í vaxandi mæli hafa stúkur efnt til viðburða þar sem eiginkonur bræðra eru líka þátttakendur. Það er lofsvert framak og ánægjulegt hve þetta hefur tekist vel. Vonandi verður framhald á því.

Og þótt stúkustarfið blómstri má lengi bæta við. Nú í aprílmánuði verða stofnaðar tvær nýjar en óvenjulegar Jóhannesarstúkur, Snorri og Iðunn. Snorri er rannsóknastúka þar sem fræðum frímúrarara verður sérstaklega sinnt.

Iðunn er hádegisstúka sérstaklega ætluð eldri bræðrum sem eiga erfitt með að mæta á kvöldfundi eða sitja langa fundi. Þessar tvær nýju stúkur munu ekki veita bræðrum stig og félagar í þeim verða áfram félagar í sínum venjulegu Jóhannesarstúkum. En með þessum nýju stúkum breikkum við starfið og komum til móts við nýjar þarfir.

Á næsta starfsári verður svo fræðslustúkunni Vöku á Egilsstöðum breytt í fullkomna Jóhannesarstúku. Þá lýkur langri vegferð því bræðrafélag var fyrst stofnað á Egilsstöðum árið

1985. Fræðslustúkan hefur svo verið starfandi síðan 1990. Það er því spennandi verkefni sem bíður bræðranna á Egilsstöðum.

Nú á vormánuðum mun Æðsta ráð Reglunnar fjalla um nýja stefnmótun í málefnum Jóhannesarstúknanna þar sem horft verður áratug fram á veginn. Á Regluhátið gerði ég bræðrum grein fyrir efni þeirra hugmynda sem uppi eru og unnið hefur verið að á annað ár. En nú er sem sagt verið að leggja lokahönd á þetta verk og verður það væntanlega tilbúið til kynningar á fyrstu fundum á hausti komanda.

Já – bræður mínir. Það er sannarlega gróska í starfinu. Og nú þegar dregur að lokum þessa starfsárs þakka ég ykkur öllum fyrir ánægjulegt samstarf og óska ykkur gleðilegs sumars.

Valur Valsson



Valur Valsson.



Húsið við Kirkjubæjarbraut sumarið 1973 en það var grafið úr ösku um haustið. Ljósmynd: Garðar Arason.

Hlér verður til og rís úr rústum

Stúkuhús frímúrara að Kirkjubæjarbraut 17 í Vestmannaeyjum var reist úr því sem var í raun rjúkandi rúst eftir eldsumbrotin 1973

Minnisverður kaffi í sögu Frímúrara-reglunnar á Íslandi tengist jarðeldunum á Heimaey árið 1973. Verður hann að teljast merkur í þeim skilningi að atburðarásin er á margan hátt tákna-ræn fyrir þá sem vilja koma reglu á óreiðu og tendra ljós þar sem sortinn grúfir yfir. Takmark fáeinna reglu-bræðra var að reisa frímúrarastarf úr öskustónni sem blasti hvarvetna við eftir gosið. Í fyrstu höfðu tveir bræð-

ur byrjað að hittast og lesa fræðin úr bókum sem annar þeirra hafði undir höndum, en þetta voru þeir br.: Karl Jónsson, sem varð níræður í desember sl. og sr. Þorsteinn Lúther Jónsson. Lesstofan byrjaði heima á prestssetri hans við Heiðarveg. Eftir jarðeldana á Heimaey fundu þeir út að fleiri frímúrarak höfðu flutt til Eyja og haustið 1976 voru þeir orðnir sjö.

Sumarið 1976 keyptu þessir sjö

bræður íbúðarhús af Viðlagasjóði, sem hafði leyst það til sín eftir gos. Fyrsti eigandi þess hafði verið Sigfús Johnsen, fv. framhaldsskólakennari, bróðursonur Gísla J. Johnsen, stórkaupmanns, sem var Eddubróðir frá 1919. Auk frumherjanna tveggja, sr. Þorsteins og Karls Jónssonar, voru það bræðurnir Halldór Guðbjarnarson, Allan Vagn Magnússon, Jón Ragnar Þorsteinsson, Magnús Páls-



son og Guðmundur Hafliði Guðjónsson sem tóku þarna höndum saman. Hugurinn var mikill og þeir ákváðu að reisa stúkuhús sitt úr því sem var í raun rjúkandi rúst eftir eldsumbrotin og öskufall. Það mætti ímynda sér að aðkoman hafi verið eins og laust fyrir sköpun heimsins. Hér segir af tíma-mótum hjá fámennum hópi eldhuga í Eyjum og einstökum hópi bræðra ofan af landi sem oft lögðu nótt við dag til að draumurinn yrði að veruleika.

Húsið er nánast upp við hraunkantinn þar sem nú er austurbærinn og kostaði mikinn mokstur frá húsinu en það fór undir ösku en ekki hraun. Þarna ákváð föruneyti bræðranna að sæta lagi, kaupa hálfónýtt hús og reisa það upp sem stúkuhús. Guðmundur Hafliði keypti kjallarann í fyrstu til að gera kaupin léttari, en Hlésbræður eignuðust húsið allt mjög fljótlega. Kaupverðið var nokkuð á fjórða hundrað þúsund. Þar var bókstaflega óslípaður steinn hvert sem litið var og tala myndirnar sínu máli. Mörgum hamarshöggum síðar, með samstilltu átaki og eftir mikla prautseigju hófst þar reglubundið stúkustarf, sem enn er við lýði eftir öll þessi ár. Nú er starfið að vísu komið undir mun stærra þak í margfalt stærra húsi að



Efri myndin sýnir að húsið var í afar slæmu ástandi þegar það kom undan öskunni og var í raun soðið af hita og ösku. Húsið er hið glæsilegasta í dag og ber varla með sér að hafa verið undir ösku, eins og sést á neðri myndinni, sem Rúnar Hreinsson tók 2010.

Básaskersbryggju 9, Geirseyri, sem vígt var 1994. Andi uppbyggingar er enn við lýði og þar hljóma ennþá hamarshögg. Enn eru bræður við smíðar og tjáir ekki að slá slöku við.

Aðdragandi þess að hafist var handa við uppbyggingu fyrsta heimilis frímúrara í Vestmannaeyjum kemur skýrt fram í hátíðarávarpi fv. stj.: br.: Guðmundar Hafliða Guðjónssonar, kantors Landakirkju og aðstoðar söngstj. Landsstúkunnar, er hann flutti við vígslu stúkuhússins. Þar kemur fram að húsið var lélegt.

Sperrur voru fallnar, gluggar og timburverk ónýtt af gufuhita hraunsins, en húsið fullt af vikri. Það voru stm.: Eddu, Sigurður Sigurgeirsson, sm.: Axel Sigurgeirsson og br.: Guðmundur Jóhannesson, húsasmíðameistari, sem stóðu fyrir því að safna saman mannskap í vinnuferðir til Eyja. Útveguðu þeir einnig nauðsynlegt fjármagn til efniskaupa. Næstu tvö árin fóru í að reisa þetta hús úr öskurústum. Vinnuhóparnir komu oftast á föstudegi með ferjunni Herjólfí og unnu sleitulaust heilu helgarnar. Gist var á heimilum

REYNSLA • UMHYGGJA • TRAUST



Arnór L. Pálsson
framkvæmdastjóri



Ísleifur Jónsson
útfarastjóri



Frímarr Andrésson
útfararþjónusta



Svafar Magnússon
útfararþjónusta



Hugrún Jónsdóttir
útfararþjónusta



Guðmundur Baldvinsson
útfararþjónusta



Þorsteinn Elísson
útfararþjónusta



Ellert Ingason
útfararþjónusta

*Þegar andlát
ber að höndum*

*Önnumst alla þætti
útfararinnar*



**ÚTFARARSTOFA
KIRKJUGARÐANNA**

Vesturhlöð 2 • Fossvogi • Sími 551 1266 • www.utfor.is



Langflottastur í lit...

Optima er aðili að rammasamningi Ríkiskaupa

nashuatec

Gæðatæki á verði
sem kemur á óvart



Einfaldaðu reksturinn og lækkaðu
rekstrarkostnaðinn með nýrri vél
frá Nashuatec.

Prentaðu/ljósritaðu í lit eða
í svart/hvítu, skannaðu og faxaðu
með sömu vélinni.

Hafðu samband við sölumenn okkar
og sjáðu hvað við getum gert fyrir
þitt fyrirtæki.

Fremstir í prentækjum frá 1953

OPTIMA

Vinlandsleið 6-8 588 9000

www.optima.is



Með múrslEIFna að vopni. Sigurður Sigurgeirsson, Axel Sigurgeirsson, Guðmundur H. Guðjónsson, Árni Guðmundsson, Sigurður Ingi Ingólfsson, Karl Jónsson og Páll Guðjónsson. Myndin er úr myndasafni Kjartans Sigurðssonar.

bræðra í Eyjum og stóðu systurnar fyrir matseld og jafnvel lundaveislum. Má nærri geta að oft var glatt á hjalla er menn hvíldu sig frá góðu dagsverki og minningarnar góðar.

Fyrsti frímúrararafundur á Kirkjubæjarbraut 17 var jólafundur 1978. Þá voru bræðurnir orðnir ellefu talsins. Í fyrstu var aðeins eitt herbergi komið í gagnið, engin snyrting var í húsinu og enginn hiti, aðeins einn rafmagnssofn. Áhuginn var hins vegar brennandi. Við þessar aðstæður braust reglustarfið upp á yfirborðið. Það glæddi starfið að embættismenn Eddu komu oft í hópum til að halda mikilvæga fundi og unnu þá alltaf að nokkru við endurreisnina.

Árið 1985 er komið svo langt að fyrsta hæð hússins er orðin klár og stúkusalurinn fullgerður í risi hússins. Hann var lítill en notalegur. Hinn 16. nóvember 1985 kom þáverandi stm.: Eddu, Guðmundur S. Jónsson, ásamt embættismönnum sínum til stofnunar St.: Jóh.: fræðslustúkunnar Hlés. Þá voru bræður í Eyjum orðnir sextán og starfið í góðum farvegi. Hugurinn var

svo mikill í þessum merka hópi frímúrarara að fræðslustúkan lagði inn beiðni til Stúkuráðs um stofnun fullkominnar stúku þegar árið 1986.

Strax á þessum árum var lagt kapp á að upptökur færu fram í Eyjum og komu embættismenn Eddu til að annast þær. Fyrstur til upptöku í Regluheimilinu að Kirkjubæjarbraut 17, var br.: Þorleifur Sigurlásson, pípulagningarmeistari. Hann fagnaði núna um miðjan mars áttatræðisafmæli sínu og mætti daginn eftir til stúkufundar. Minnst hann þess með hlýju og stolti að hafa verið þar fyrstur inn þótt hann og aðrir iðnaðarmenn hafi á ákveðnum tímamarki í inngöngunni haft verulegar áhyggjur af því hvað það gat verið mikill hávaði í pípulögnunum þarna í kjallara hússins og miklir dynkir. Hlér er fyrsta fræðslustúka landsins til að fá leyfi til upptöku og stýra henni með sérstöku leyfi en það gerðist á Kirkjubæjarbraut 17 undir stjórn Guðmundar Hafliða.

Hjónin, sem keyptu Kirkjubæjarbrautina af bræðrunum í Hlér, heita Arnar G. Hjaltalín og Helga Kristín

Kolbeins. Arnar gekk síðar til liðs við Regluna, en til gamans má geta þess að Helga er langafabarn frímúrararans Arents Claessen. Þau hafa varðveitt risið svo þar er stúkusalurinn ennþá óbreyttur. Enn er „himinninn“ þar blár eins og sjá má á myndum úr stúkunni og notaleg baðstofustemning.

Þegar Hlésbræður líta yfir farinn veg fyllist hugurinn ríkulegu þakk-læti í garð þeirra bræðra sem ruddu stúkustarfinu veg í Eyjum með svona bókstaflegum hætti. Þegar þessi saga er rifjuð upp vaknar ósvikið stolt og aðdáun í garð þeirra manna sem höfðu bæði djörfung og háleita framtíðarsýn til að fá þessar hugmyndir og framkvæma þær. Þar var Reglan beinn þátttakandi í sögu endurreisnar. Hún var samstíga heilu bæjarfélagi Vestmannaeyinga. Fyrir vikið er saga stúkustarfsins samofin sögu bæjarbúa allra og byggðarinnar í Eyjum á ör-lagatímum.

Sr. Kristján Björnsson



Talsverðar mannabreytingar á æðstu stjórn Frímúrarareglunnar voru kynntar á Stórhátíð, sem haldin var 18. mars 2010. Ljós m.: Jón Svavarsson.

Stórhátíð Reglunnar 2010:

Aukinn áhugi og þátttaka í starfsemi frímúrarareglunnar

Stórhátíð Reglunnar var haldin 18. mars 2010 og sóttu 267 bræður hátíðina sem er meiri þátttaka en í fyrra. Þessi mikla fundarsókn bræðranna á Stórhátíð og almennt aukin fundarsókn á fundi skýrist m.a. af áhuga bræðra á vexti og viðgangi Reglunnar og af ytri aðstæðum, sem örva bræður til þátttöku í því mannræktarstarfi, sem fram fer innan veggja Reglunnar.

Á fundinum var einn bróðir vígður til R&K, br. Björn Samúelsson.

Einn R&K lét af embætti á þessum fundi. Það var br. Einar Einarsson, sem lét af embætti DSM. SMR þakkaði honum fyrir hið mikla, árangursríka og góða starf sem hann hefur skilað til

heilla fyrir Regluna og bræðurna um langt árabil.

R&K br. Jón Sigurðsson var skipaður til að vera DSM, R&K br. Gunnlaugur Claessen var skipaður til að vera STR, R&K br. Pétur Kjartan Eyrason var skipaður til að vera YAR, R&K, br. Bent Bjarnason var skipaður til að vera ÁMR, R&K br. Sigurður Kr. Sigurðsson var skipaður til að vera RMR og R&K br. Kristján Þórðarson var skipaður til að vera MBR.

Í Landsstúkunni urðu þær breytingar helstar að R&K br. Björn Samúelsson var skipaður til að vera Y.St. Stv. Breytingar voru gerðar meðal embættismanna í Landsstúkunni,



Jón Sigurðsson.

Nýr DSM

Á St. tók br. Jón Sigurðsson, R&K við embætti DSM. Br. Jón gekk í St. Jóh.st. Glitni í apríl 1975 og varð R&K í mars 1997. Í Glitni gegndi hann embættum 2. vKm, 1. vKm og Km, E.Stv og 2.Vm og 1.Vm um árabil og fékk heiðursmerki Glitnis 1985. Hann sat í stúkuráði 1985-1991 og var YAR frá 1997-2003. Oddviti Stúkuráðs, STR frá 2003 þar til hann tók við embætti DSM.

Br. Jón er fulltrúi The Supreme Council of 33° and Ancient and Accepted Freemasons for the Southern Jurisdiction of USA og fulltrúi The Grand Lodge of Turkey.

Stúartstúkunni á Akureyri og ráðum Reglunnar, sem of langt er að telja upp í þessari stuttu samantekt.

SMR br. Valur Valsson þakkaði öllum þeim, sem luku störfum á Stór-hátíðinni, vel unnin störf í þágu Reglunnar og bræðranna og bauð nýja embættismenn velkomna og óskaði þeim velfarnaðar í þeim störfum, sem þeir hafa tekið að sér.

Á stórhátíð flutti IVR, br. Þorsteinn Sv. Stefánsson, skýrslu um störf Reglunnar á liðnu starfsári. Þar kom m.a. fram að í Frímúrarareglunni á Íslandi eru nú 3.404 virkir bræður.

Stólmeistaraskipti urðu í fimm St. Jóh.st. á starfsárinu.

Br. Ólafur Haukur Johnson lét af embætti í St. Jóh.st. Nirði og var br. Pétur Björn Pétursson kjörinn í hans stað og tók hann við embætti 4. nóv. sl., br. Halldór Ágúst Guðbjarnason lét af embætti í St. Jóh.st. Eddu og var br. Gunnar Þórólfsson kjörinn í hans stað og tók hann við embætti 2. feb. sl., br. Már Sveinbjörnsson lét af embætti í St. Jóh.st. Hamri og var br. Friðrik Guðlaugsson kjörinn og tók hann við embætti 9. feb. sl., br. Páll Dagbjartsson lét af embætti í St. Jóh.st. Mælifelli og var br. Sveinbjörn Ólafur Ragnarsson kjörinn og hann tók við embætti 4. nóv. sl. og br. Eiríkur Finnur Greipsson lét af embætti í St. Jóh.st. Njálu og var br. Gunnar Hallsson kjörinn og fer innsetningin fram þ. 29. mars nk.

Á starfsárinu var haldið upp á 60 ára afmæli St. Andr.st. Huldar með hátíðarfundum 30. sept. sl. St. Jóh.st. Edda átti 90 ára afmæli og hélt upp á það með hátíðarfundum 14. nóv. sl. og St. Andr.st. Helgafell átti 75 ára afmæli, sem haldið var upp á með hátíðarfundum 2. des. sl.

FHR br. Kristján S. Sigmundsson flutti skýrslu um fjárhag Reglunnar og kom fram í máli hans að á starfsárinu hafi verið unnið að viðhaldsvinnu innanhúss í Regluheimilinu í Reykjavík. Hann þakkaði féhirðum stúkna þeirra vandasömu störf svo og öllum þeim sem hafa lagt hönd á plóginn með þeim, Frímúrarareglunni, stúkunum og bræðrunum til heilla.

Við borðhaldið ávarpaði br. Einar Birnir nývígðan R&K og þakkaði br. Björn Samúelsson þau orð, sem til hans voru töluð.

Róbert W. Jørgensen

Hugleiðingar um Regluhátíð

Frímúrarareglan á Íslandi er fjölmenn, og er þá sama á hvaða mælikvarða hún er metin. Starfsemin er líka ótrúlega mikil, þó hljótt fari. Reglulega komum við bræðurnir saman á fundum í stúkunum okkar um allt land. Auk reglubundins stúkustarfs heldur hver einstök stúka sína hátíðar- og veislustúku. Regluhátíð er hins vegar svolítið frábrugðin öðrum fundum eða hátíðum okkar frímúrara að því leyti, að sú hátíð er eins og heiti hennar ber með sér sameiginleg hátíð allra stúkna innan hinnar íslensku frímúrarareglu.

Frímúrarabræður vinna sín mannræktarstörf í kyrrð og yfirvegum, með þeim áhöldum og aðferðum sem Reglan hefur stuðst við í aldir, en við gleðjumst einnig og viljum fá að gleðja aðra. Skýr skil eru í starfinu milli alvöru og gleðskapar. Það er einkar áhugavert að skoða hvernig hátíðar- og veislustúkur frímúrara eru samtvinnaðar yfirvegum, íhugun og hógværum gleðskap. Alvara starfsins er þó alltaf hornsteinn hleðslunnar. Að loknu starfinu, snæðum við og tölum saman, syngjum og gleðjumst. Maður er þar manns gaman.

Ég hef sótt Regluhátíð á liðnum árum og ávallt þykir mér það vera áhugavert. Það er eins með þátttöku mína þar og járníð þegar það er dregið að segli. Segulkraftur járnins vex og vex. Viðmót bræðra er ávallt einstakt; bros, þétt handtök, innileg faðmlög, kveðjur og óskir eru við hvert fótímal. Vissulega er aðsókn bræðra svo mikil að ekki tekst að koma öllum að sem þess óska. Þó salarkynni reglunnar séu mikil, þá reynist nauðsynlegt að skipta bræðrum

niður á tvo fundarsali, en nútíma tækni gerir það að verkum að jafnvel þeir bræður sem ekki komast að í aðalsal fundarins njóta hans ekki síður; reyndar er fullyrt að þeir sjái og fylgist betur með en þeir sem aðalsalinn fylla.

Að loknu starfi hófst borðhald með tilheyrandi dagskrá. Þar komust allir að í einum sal. Nálega 400 bræður sóttu regluhátíðina að þessu sinni, en þar á meðal var fjöldi erlendra gesta, frá tveim heimsálfum, Evrópu og Ameríku. Samtöl við þá, ávörp þeirra og kveðjur á hátíðinni staðfesta reynslu mína af heimsóknum til reglubræðra í öðrum löndum, sem er sú að hvar sem í heimi er þegar reglubróðir heimsækir aðra bræður, þar er bræðra- og vinarþel í ríkulegum skömmtum.

Starfandi stólmeistarar Jóhannesarstúkna hafa haft það fyrir sið á liðnum árum að koma saman fyrir fundi í Landsstúkunni og þá ætíð fyrir Regluhátíðina. Þar er farið yfir ýmis sameiginleg mál sem við er glímt á hverjum tíma. Þar er líka gott að sækja í reynslubanka kolleganna. Svo var einnig nú.

Þegar heim var haldið eftir langan en skemmilegan dag, var nú eins og óbrigðult er reyndar, að hugurinn var fylltur stolti og gleði yfir því að tilheyra hópi slíkra heiðursmanna, ekki síður en tilhlökkun til næstu samverustundar. Það er ómetnanlegt; það er hluti hornréttu hleðslunnar.

*Eiríkur Finnur Greipsson,
Stm. St. Jóh.st. Njálu*



Stofnendur og embættismenn hinnar nýju rannsóknastúku Snorra. Ljósmynd: Jón Svavarsson. Skjaldarmerki stúkunnar innfellt.

Stofnfundur rannsóknastúkunnar Snorra

Stofn- og vísslufundur Rannsóknastúkunnar Snorra var haldinn föstudaginn 9. apríl sl. í Hátíðasal Reglunnar að viðstöddum SMR, Vali Valssyni, fjölda R&K auk erlendra gesta frá norrænu rannsóknastúkum FRMÚ, Eckleff og Treschow.

Stm. hinnar nývígðu Rannsóknastúku Snorra, Haukur Björnsson, flutti ávarp og sagði m.a. að það væri sér mikil áskorun að leiða þetta starf í byrjun. Hann hefði fengið til liðs við sig vaska sveit bræðra til að skipa embætti stúkunnar og þeir væru búnir að velta mikið vöngum yfir allri mögulegri tilhögun starfsins en nú fyrst eftir stofnun stúkunnar kæmi rauveruleikinn í ljós. Á líkingamáli stæðu nú tjaldbúðirnar tilbúnar við rætur fjallsins og allur tiltækur fjallgöngubúnaður. Þess væri vænst að senn kæmu fjallgöngumenn til að takast á við gönguna upp hliðar fjallsins þar sem hið sanna ljós skín skærar. Þaðan munu þeir síðan snúa að loknum störfum og skýra okkur bræðrunum frá uppgötvunum sínum og niðurstöðum sem við væntum að muni auðga og styrkja störf vor.

SMR, Valur Valsson, ávarpaði



Karl Guðmundsson var heiðraður sérstaklega á stofnfundi rannsóknastúkunnar Snorra. Ljósmynd: Jón Svavarsson.

fundinn en notaði tækifærið til að heiðra sérstaklega br. Karl Guðmundsson. Sagði Valur að ef ekki hefði þegar skapast ákveðin hefð við nafngiftir stúkna væri ekki ólíklegt að nýja rannsóknastúkan hefði hlotið nafn Karls. Afhenti hann honum jafnframt við þetta tækifæri fyrsta eintak af bæklingi þeim sem gefinn

hefur verið út í tengslum við rausnarlega gjöf Karls til Reglunnar, en fyrir nokkru ánafnaði hann Reglunni fjölda bóka, skjala og muna sem hann hafði safnað um ævina.

Allir bræður sem náð hafa stigi virðulegra meistara geta gerst félagar í Rst. Snorra og raskar það ekki aðild bræðra að öðrum stúkum. Á fyrsta starfsári eru ráðgerðir 3 fundir, á Akureyri, Selfossi og í Reykjavík. Þeir verða haldnir á laugardögum og fyrirkomulag þannig að setning funda er hefðbundin, síðan verður flutt rannsóknarerindi auk

2ja umsagna og fundarlok síðan hefðbundin. Undir borðhaldi eftir fund verða síðan umræður um erindið. Almennt eru fundir opnir öllum bræðrum en í undantekningartilvikum geta viðfangsefni verið stigbundin og er þá aðgangur takmarkaður við þá bræður sem hafa viðkomandi stig Reglunnar.

Fjöldmenn á fræðslufundi um krabbamein í blöðruhálskirtli

Í frímúrarahúsinu í Hafnarfirði var haldinn fræðslufundur um krabbamein í blöðruhálskirtli þann 10. mars 2010. Fyrir fundinum stóð Fræðslunefnd Frímúrarareglunnar á Íslandi og það var formaður nefndarinnar, Jónas Gestsson, sem setti fundinn þar sem um 130 bræður voru mættir til að hlýða á erindi og umræður.

Baldvin Þ. Kristjánsson, þvafæarskurðlæknir, flutti fræðsluerindi og nefndi þar bæði góðkynja og illkynja sjúkdóma í blöðruhálskirtli. Góðkynja sjúkdómarnir væru algengari en krabbameinið en ekki væri hægt að segja frá því, án þess að nefna hitt. Hann sagði frá því að aðalhlutverk blöðruhálskirtilsins snúist um frjósemi en einnig varðandi þvaglát. Í raun geri kirtillinn ekkert gagn um leið og hætt væri við frekari barns eignir og því hafi verið haldið fram, að blöðruhálskirtillinn hefði um 40 til 50 ára líftíma, en eftir það gæti hann farið að vera til vandræða. Krabbamein í blöðruhálskirtli sé önnur algengasta krabbameins-dánarorsökin og að meðaltali greinist um 220 karlar á ári. Um 50 karlar deyi á hverju ári þar sem orsökina megi rekja til krabbameins í blöðruhálskirtli. Fyrirbrigðið væri sjaldgæft fyrir 50 ára aldurinn, en meðalaldur karla við greiningu væri 71 ár. Rúmlega helmingur þeirra sem greinist væri yfir 70 ára. Sumir vilji




Fjöldi bræðra hlustaði á fróðleg erindi og reynslusögur um krabbamein í blöðruhálskirtli. Ljósmynd: Guðmundur Skúli Viðarsson.

meina, að þann dag sem við losnum við hjarta- og æðasjúkdóma og förum að geta orðið 120 ára, þá muni allir karlar verða að kljást við þetta krabbamein. Lítið væri vitað um áhættu- og umhverfisþætti en vísbendingar hefðu komið fram um aukna áhættu við mikla neyslu á dýrafitu og feitu kjötmeti, eða varðandi D-vítamínkort og mjólkurneyslu en vestrænir lifnaðarhættir virðast yfirleitt geta aukið áhættuna. Ekkert af þessu væri sannað, aðeins tilgátur varðandi mataræði.

Bræðurnir gerðu góðan róm að fræðslu Baldvins, þar á meðal nokkrir læknar sem voru meðal áheyrenda.

Á fundinum var gert hlé til þess að bræður fengju kaffi og mælæti. Eftir hlé flutti Jóhann Ólafur Ársælsson lifandi og áhugaverða frásögn af baráttu sinni við krabbamein. Jóhann nálgadist umræðuefnið frá ýmsum hliðum og var hann í senn bæði upplýsandi og hvetjandi. Bræðurnir þökkðu honum framlag sitt með dynjandi lófaklappi.

Haraldur Sigurðsson



Limrur fyrir landann

Limrubók br. Braga V. Bergmann fékk frábærar viðtökur um jólin 2009.

Enn eru bækur úr 2. prentun fánlegar hjá útgefanda.

Verð kr. 1.900 (sendingarkostn. innif.).

Upplýsingar og pantanir: bragi@fremri.is eða í síma 896 8456



Fjöldmenni var á samverustundinni í Neskirkju. Ljósmynd: Bjarni Ómar Guðmundsson.

„Samfélagsleg ábyrgð á tímum upplausnar og endurmats“

Samverustund bræðra og systra í Neskirkju

Fjöldmenni mætti á samkomu frímúrarabráðra og systra „í tali og tónum“ sem haldin var í Neskirkju 15. nóvember 2009. Jónas Gestsson, formaður fræðslunefndar Reglunnar, fór þess á leit við sóknarprest Neskirkju, séra Örn Bárð Jónsson, ÆKR, vorið áður að hafa forgöngu um að boða til uppbyggjandi samveru um haustið í anda fundar sem haldinn hafði verið í Regluheimilinu árið áður þar sem fjallað var um viðbrögð við efnahagshruninu. Sá fundur var fjölsóttur og svo varð einnig raunin með samveruna í Neskirkju. Dagskráin tók smátt og smátt á sig mynd og var síðan send út með upplýsingum um ræðu- og tónlistarmenn.

Salvör Nordal, forstöðumaður Siðfræðistofnunar HÍ, flutti erindi sem

hún nefndi: „Samfélagsleg ábyrgð á tímum upplausnar og endurmats.“ Matthías Johannessen, skáld og fv. ritstjóri, flutti ljóðið „Munu ósánir akrar vaxa“. Jónas Þórir og Hjörleifur Valsón fluttu tónlist. Sóknarprestur flutti hugvekju og kynnti dagskrárliði.

Stiklur úr erindi Salvarar

Í inngangi að erindi sínu fjallaði Salvör Nordal um bankahrúnið og upplausnina í þjóðfélaginu í kjölfar þess. Þá ræddi hún um mikilvægi þess að upplýsa aðdraganda hrunsins og ábyrgðarmenn og sagði:

„Vitaskuld er mikilvægt að finna sökudólga. Það hljóta einhverjir að bera ábyrgð á því að svo hörmulega fór fyrir heilli þjóð. En

hvort sem einhverjir verða dregnir til ábyrgðar, eða hverjir það verða, megum við ekki gleyma því að ef raunverulegt endurmat á að eiga sér stað, verðum við einnig að horfast í augu við að ábyrgðin er ekki aðeins örfárara. Skýringarnar eru bæði flóknar og fjölmargar og flóknari en nokkur dómsmál munu megna að takast á við. Þær skýringar liggja að einhverju leyti í gildismati okkar, samfélagsgerð og starfsháttum. Og það er ekki nema við höfum kjark til að líta á atburðina í stærra samhengi að við eigum möguleika á því að breyta raunverulega einhverju í okkar samfélagi.“

Þá sagðist hún vera þess fullviss að

„almennt og landlægt virðingarleysi fyrir lögum og reglum“ væri höfuðástæða þess að svo hörmulega fór og bætti við:

„Í þessu samhengi má minnst þess hvernig við í samskiptum við aðrar þjóðir höfum oft fundist við ættum að fá undanþágur frá margs konar reglum, oft vísuð til smæðarinnar, sem stundum á auðvitað við, en kannski býr oftast að baki það sjónarmið að almennar reglur á alþjóðavettvangi eigi við um flest ríki nema okkur sjálf.“

Hún sagði siðfræðina löngum hafa haft áhuga á slíkri hegðun og ræddi í framhaldi af því um aga í samskiptum fólks og nefndi dæmi um tvöfalt siðgæði margra sem svindla á kerfinu sér í hag. Hvenær svindlar fólk og hvenær ekki? Er lítið svindl í lagi en ekki stórt? Þá sagði hún þetta:

„Hættan er sú að ef við teljum í lagi lítið svindl í dag verður það örlítið meira á morgun og þannig koll af kolli. Og hér erum við komin að almennu virðingarleysi fyrir lögum og reglu. Ef við teljum í lagi, a.m.k. í litlum efnunum, rétt að sveigja og beygja reglur til að laga að okkar þörfum þá fjarar smám saman undan virðingunni fyrir þeim. Og þannig hefur á löngum tíma skapast jarðvegur hér á landi fyrir þá starfshætti sem að lokum leiddu til hrunsins.“

Íslenska fjármálakerfið átti að lúta lögum og reglum en fór á svig við hvort tveggja á margan hátt og eftirlit var slakara en efni stóðu til. Þetta á einnig við um margt annað í hinu opinbera kerfi:

„Í stjórnkerfinu hefur verið sama uppá teningnum. Ítrekað hafa verið settar reglur um stjórnarhætti t.d. um einstök mál, s.s. einkavæðingu, en svo þegar á reynir er sveigt af leið. Staðreyndin er sú að það er tiltölulega auðvelt að setja sér reglur og lög, málið snýst um það hvort við erum tilbúin til að fara eftir þeim.“
Gæta þarf þess að siðferðilegt hrun



Séra Örn Bárður Jónsson, Salvör Nordal og Matthías Johannessen.
Ljósmynd: Bjarni Ómar Guðmundsson.

fylgi ekki í kjölfar efnahagshrunsins. Huga þarf að samfélagslegri ábyrgð. Frelsið losnaði úr tengingu við ábyrgðina þegar mest á gekk.

„Í Grikklandi hinu forna höfðu menn hugtakið *hubris* en það á við um manneskjuna þegar hún fer að taka sig of hátíðlega og setur sig á stall með guðunum. Á því augnabliki hefur hún gleymt því hver hún er, og misst sjónar á eðli sínu sem dauðleg og breysk vera. Hún gerir þá eins og Ikarus, flýgur of nærri sólinni og tortímir sjálfri sér.“

Of mikil áhersla var lögð á „einstaklingsmiðað frelsi“, sagði hún, sem lét sig minna varða ábyrgð á heildinni, á náunganum. Efla þarf traust á milli manna því enginn er óháður öðrum í mannlegu samfélagi.

„Í stað þess að upphefja sjálf okkur verður að leggja áherslu á að við erum hluti af heild, hvort sem við teljum þá heild vera guð,

náttúruna, eða eitthvað annað, að við erum ekki eyland og getum í raun aldrei verið algjörlega ein, við þurfum hvert á öðru að halda. Og þannig höfum við Íslendingar uppgötvað að ekki er hægt að leggja heiminn að fótum sér án þess að sýna honum auðmýkt og áður en varir þurfum við meira á honum að halda en hann okkur.“

Salvör lauk sínu athyglisverða erindi með þessum orðum:

„Eitt af einkennum lítils samfélags er að hver og einn einstaklingur getur haft mikil áhrif. Við þurfum á þátttöku hvers og eins að halda. Hér er ekki hægt að hverfa inni í fjöldann eins og gerist í milljónasamfélögum eða skýla sér bak við aðra. Við getum ekki sagt að aðrir eigi að gera hlutina, heldur verðum að taka sjálf til hendinni. Það er því mikið undir okkur sjálfum komið, hverjum og einum, hvernig okkur reiðir af á



Salvör Nordal.

næstu misserum. Við getum kosið að hugsa fyrst og fremst um okkur sjálf eða við getum tekið kyndilinn í hendur, hugað að skyldum okkar gagnvart öðrum og byggt þannig saman upp samfélag sem ekki aðeins byggir á trausti heldur er í raun traustsins vert. Og á þann hátt getum við orðið kyndilberar og lýst upp umhverfi okkar – eða eins og Jesaja segir: „Ef þú hættir allri undirokun þín á meðal, hættir hæðnisbendingum og rógi, réttir hungruðum það sem þig langar sjálfan í og seður þann sem bágt á, þá rennur ljós þitt upp í myrkrinu, niðdimman kringum þig verður sem hábjartur dagur.“

Munu ósánir akrar vaxa

Áður en Matthías Johannessen flutti ljóð sitt, *Munu ósánir akrar vaxa*, sagði hann frá minningum sínum af þátttöku föður síns, Haraldar, í starfi Frímúrarareglunnar, en hann hafði mikla gleði af því starfi og gegndi þar ýmsum embættum.

Sálmar og bænir

Á samkomunni voru sungnir þrjár sálmar úr Sálmbók Þjóðkirkjunnar:

Við getum kosið að hugsa fyrst og fremst um okkur sjálf eða við getum tekið kyndilinn í hendur, hugað að skyldum okkar gagnvart öðrum og byggt þannig saman upp samfélag sem ekki aðeins byggir á trausti heldur er í raun traustsins vert. Og á þann hátt getum við orðið kyndilberar og lýst upp umhverfi okkar.

Lofíð vorn Drottin, eftir Helga Hálf-dánarson, *Dag í senn*, eftir Sigurbjörn Einarsson og *Son Guðs ertu með sanni*, eftir Hallgrím Pétursson.

Jónas Þórir og Hjörleifur Valsson fluttu frábæra tónlist að vanda og hófu samkomuna á mögnuðu verki um fuglana eftir Messiaen.

Sóknarprestur spjallaði á milli atriða og ræddi mikilvægi þess að fólk styrki sig andlega með því að iðka trú sína í samfélagi kirkjunnar. Hann sagði m.a. frá Neskirkju, sem er fyrsta kirkja landsins, sem ekki lýtur hefðbundnum arkitektúr kirkna og er því réttnefnd fyrsta „núttímakirkja“ landsins. Neskirkja var teiknuð af Ágústi Pálssyni. Þá ræddi hann um kristinn grundvöll Reglunnar og mikilvægt hlutverk hennar við mótun einstaklinga sem síðan hafa áhrif á umhverfi sitt, þjóðfélag og heim.

Samkomunni lauk með bænagjörð. Sóknarprestur fór með bænir, flestar úr Bænabók Karls Sigurbjörnssonar, biskups Íslands, sem Skálholtsútgáfan gaf út 2006 og viðstaddir tóku undir hverja bæn með orðunum: „*Drottinn, heyr mína bæn.*“

Sr. Örn Bárður Jónsson tók saman

Nýr stólmeistari St. Jóh.stúkunnar Mælifells á Sauðárkróki



Sveinbjörn Ólafur Ragnarsson

Þann 2. mars sl. urðu stólmeistaraskipti í St. Jóh. stúkunni Mælifelli á Sauðárkróki en starfssvæði Mælifells er Skagafjarðarsýslan og austur og vestur Húnavatnssýslur. Páll

Dagbjartsson lét af

starfi stólmeistara eftir 6 ára starf og við tók Sveinbjörn Ólafur Ragnarsson 1. varameistari stúkunnar.

Alls sóttu 143 bræður innsetningarfundinn og komu víða af landinu. Stórmeistari Reglunnar, Valur Valsón, kom norður ásamt fríðu föruneyti og sá um innsetninguna. Á fundinum var Valur sæmdur heiðursmerki Mælifells.

Nýr stólmeistari St. Jóh.stúkunnar Hamars, Hafnarfirði



Friðrik Guðlaugsson

Þann 19. janúar síðastliðinn fór fram stólmeistararakjör í St. Jóh. st. Hamri í Hafnarfirði.

Hamarsbræður fylktu sér um Friðrik Guðlaugsson. Friðrik er fæddur 8. ágúst 1953 í Vestmannaeyjum. Hann lauk

prófi frá Iðnskólanum í Vestmannaeyjum í netagerð 1973. Friðrik gekk í St. Jóh.st. Hamar 27. janúar 1987, og allar götur síðan hefur hann sýnt stúkustarfinu mikinn áhuga og tekið að sér mörg verkefni er tilheyra starfinu.

Hann var Vsm. í nokkur ár, Sm. 1997-2004 og Vm. 2004-2010. Friðrik er kvæntur Árnýju Skúladóttur og eiga þau þrjú börn. Friðrik var settur í embætti stólmeistara Hamars 9. febrúar sl. af Val Valsyni SMR.

Matthías Johannessen

Munu ósáanir akrar vaxa

Völuspá

1.

Löng er sú ferð.

Nú áð við strengjasveit efnisins, þangað sem vísindin hafa leitt okkur á fjallvegi vonar og ótta, á leið að draumkenndri vitund orkunnar sem sumir kalla guð en fjallræðumaðurinn föður,

þegar við hefjum augu okkar til stjarnanna og gleymum öllum kennileitum skammtafræðinnar og afstæðra hugmynda

birtist tónaflóð hans í blikandi stjarnþokum og ljósbrotum sem eru löngu hætt að lýsa annars staðar en á áfangastað,

í djúpum brunnum eyðimerkurinnar, spyrjandi augum á afslóðum efnisins,

enn hefur guð ekki komið fram á ratsjáum, enn er hann einungis vistaður á ókunnum netslóðum efans

þar sem strengirnir titra og vænglausir tónar fljúga inn í draumkaldan veruleik óvissunnar,

enn hlédrægur höfundur margvíslegra tilbrigða við hvelinn mikla,

við hlustum á taktþungan
sinfón óvissulögmálsins

hlustum á litbrigði sólkerfanna,
vængjaþyt fuglsins,
moldsvarta þögn ánamaðksins

Við

þessi framlenging efnisins, þetta leitandi segulhjarta tímans.

2.

Líf mitt þráður, nálaraugað er svo óvænt þraut við dýran fjársjóð minn því drekinn geymir falinn sjóðinn sinn við silfrað tungl og von í brjósti mér. Um nálarauga liggur leið mín til þess leyndardóms sem grær við hugskot mitt en drekinn grefur ógnlegt andlit sitt í andartak við dauðans handaskil.

En þráður lífsins leitar fram þau stig sem liggja djúpt um auga guðs til mín og þó að dauðinn dragi allt til sín og drekinn blaki væng og hristi sig þá dreg ég sverð úr sári hans og finn að silfrað tungl er ljós við náttstað minn.

3.

Moldhlý er jörðin, mosgrænn blær af fjalli mjúkhentur dagur við vatnsins öldunið, eilífðin þagnar,

þögn við dauðans klið.

Sól rís til himins, horfir eins og falli himneskur dagur, nýr að ösku og gjalli þangað sem hugarveröld vatnsins býr,

þangað sem lífið einatt aftur snýr og jörðin föntrar glöð við sína liti og án þess nokkur undrist það og viti,

hér er þinn guð

og vinnur vorið að

þeim veruleika sem er eins og hnit
þríein sól um þennan grýtta stað,

líkast því sem lífið endurriti
leiftrandi von á dauðans minnisblað.




Regluheimili frímúrara í Washington kemur mikið við sögu í bók Dan Brown, Týnda tákniðu.

Týnda táknið eftir Dan Brown:

„Frímúrarareglan er hluti af framtíðinni“

Þeir eru líklega ófáir frímúrararnir sem hafa lesið nýjust bók Dan Brown; Týnda táknið. Kannski ekki síst þar sem frímúrarar koma við sögu, byggingar þeirra, táknmál og þýðing. Í bókinni þarf Robert Langdon að takast á við morðóðan einstakling sem svífst einskis til að ná marki sínu – og notar og misnotar ætlaða þekkingu sína til þess. Leikurinn berst víða en sjálfur miðpunkturinn eru höfuðstöðvar frímúrara í Washington D.C. í Bandaríkjunum. Þar ræður reyndar ríkjum maður sem er íslenskum frímúrurum að góðu kunnur, Ronald A. Seale, sem var meðal annars á síðustu Regluhátíð okkar. Í ávarpi við bróðurmáltíðina á umræddri Regluhátíð sagði hann einmitt frá þeirri miklu athygli sem Reglan hefði hlotið eftir útgáfu bókarinnar og sagði það sérkennilega skemmtilegt að hluti bókarinnar gerðist einmitt á skrifstofu hans. Svona væri heimurinn lítill.

Í leiðara desemberblaðs Scottish Rite Journal, segir Seale frá gríðarlegum áhuga fjölmiðla vestanhafs í



kjölfar útgáfu bókarinnar. Sjónvarpsstöðin NBC tók viðtal við Brown í aðalsal frímúrarahússins en Brown átti að auki fundi með æðstu stjórn

bandarísku Reglunnar þar sem efni bókarinnar og frímúrarar voru til umræðu.

Þegar það spurðist út fyrst að Brown væri að vinna að bók þar sem frímúrarar kæmu fyrir, þjuggust án efa margir bræður við því að að Frímúrarareglan yrði í hlutverki hins illa. Samsæriskenningar, blekkingar, klikusambönd og spilling koma enda víða fyrir á netinu og margir tilbúnir til að trúa hinu versta upp á frímúrara. En í ljós kom að Brown setti frímúrara í öndvegi. Í fjölmörgum blaðaviðtölum hefur hann verið spurður að því hvers vegna svo sé. Í einu þeirra sagði hann:

„Ef ég hefði fundið út að frímúrarar væru hræðilegir djöfladýrkendur fullir illsku, hefði ég skrifað um það. Þess í stað uppgötvaði ég félagsskap sem var upplýstur og með mjög ábyrga lífsspeki. Ég get ekki breytt sögunni bara til að gera frímúrara vonða.“ (1)

Í útvarpsviðtali við bandaríska útvarpsstöð sagði Brown að auðveldara hefði verið að gera frímúrara að

„vöndu köllunum“, eins og hann orðaði það.

„En þegar ég komst að því að frímúrarar voru góðir, gat ég ekki gert þá vonda.“ (2)

Hann segir að frímúrarar geri allt annað en að fela sig. Fjölmarginir beri hringa og flestir viðurkenni fúslega að vera félagar. Það sé ekki merki leynifélags. Og í viðtali í desemberútafu Scottish Rite Journal, viðurkennir hann að vera heillaður af frímúrurum.

„Ég ber gríðarmikla virðingu fyrir frímúrurum. Í grundvallaratriðum eru hér samtök í heimi þar sem ólíkir menningarhópar drepa hverjir aðra í baráttunni um hvaða útgáfa af Guði er sú rétta en segja: Okkur er sama hvað þú kallar Guð, eða hvað þér finnst um hann, við viljum aðeins að þú trúir og stöndum saman sem bræður og förum sameiginlega í átt að sama marki.“ (3)

Í viðtali við Fréttablaðið sagði Brown að frímúrarar væru misánægðir með bókina.

„Viðbrögð frímúrara við bókinni hafa verið blöndin. Almennu eru þeir ánægðir með að hún skuli fjalla um sögu þeirra, siðfræði og merkingarfræði af virðingu og aðláun, en þeir eru ekki eins hrifnir af því að bókinn skuli ljósstra upp ýmsu um helgiathafnir reglunnar.“ (4)

Hvort og þá hvernig slíkt kemur fram í bókinni, verður hver bróðir að meta fyrir sig, en vissulega má finna eitt og annað sem bræður kannast við. Hins vegar sjá flestir að þýðandi bókarrinnar þekkir ekki nægilega vel til í Reglunni, enda hefðu ýmis orð, embætti og tákn verið þýdd með öðrum hætti ef svo hefði verið.

Brown er hins vegar ekki í vafa að Frímúrarareglan sé hluti af framtíðinni.

„Vald frímúrara er ekki pólitískt vald. Það er rætt um andlegan kraft sem við hin erum rétt að byrja að uppgötva. Þegar við færumst inn í nýja öld, þá getur það orðið hinn nýi kraftur.“ (1)

Steingrímur Sævarr Ólafsson

Heimildir:

1 Aftenposten, 1. nóvember 2009. Alf Ole Ask.

2 NBC Radio, desember 2009.

3 Scottish Rite Journal, desember 2009. S. Brent Morris.

4 Fréttablaðið 11. desember 2009, Ásta Sóllilja Guðmundsdóttir.



Embættismenn St. Andr.stúkunnar Helgafells. Ljósmynd: Jón Svavarsson.

Helgafell 75 ára

Hinn 2. desember síðastliðinn hélt Helgafell upp á 75. starfsárið með H & V stúku fundi á IV/V°. Fundurinn var haldinn í hátíðarsal Regluheimilisins að Skúlagötu, sem var lagaður til svo hann hentaði betur til fundahalds á Andrésarstigi. Hátíðarfundurinn var mjög vel sóttur og mættu alls 289 bræður og 275 tóku síðan þátt í Veislustúkuni. Þeir fengu með sér lítinn disk með skjaldarmerki stúkunnar til minningar um hátíðina.

Á hátíðarfundinum flutti Paul Bjarne Hansen, Skjalavörður Reglunnar, hátíðarræðuna og fjallaði um uppruna og stofnun stúkunnar. Frímúrarakórinn söng undir stjórn Jóns Kristins Cortez við undirleik Jónasar Þóris Jónassonar. Meðal annarra laga var flutt lagið Helgafell eftir Þorkel Sigurbjörnsson við texta eftir Karl Kristensen.

Helgafell er í sambandi við þrjár erlendar Andrésarstúkur, CCO í Kaupmannahöfn, Phoenix í Helsingfors og Akershus í Osló. Ellefu bræður frá St. Andr. st. Phoenix komu gagnert til að samfagna með okkur ásamt Stm. sínum, Guy Catani. Einnig kom Stm. St. Andr.st. Akershus í Osló, Dag Morfelt. Dag var hér á ferð fyrir á árinu eða í maí síðastliðnum ásamt 19 norskum bræðrum og sátu þá IV/V° fund í Helgafelli.

Andrésarstúkurnar á Íslandi hafa

nú fengið stúkumerki og var H&V stúkufundur Helgafells fyrsti fundurinn sem þessi merki voru borin á. Merkin eru skjaldarmerki hvernar stúku og hanga í rauðum borða, þau má aðeins bera á fundum í Andrésarstúkum.

Nýju stúkumerkjum fylgja einnig heiðursmerki sem voru einnig tekin í notkun á þessum afmælisfundum. Fimm bræðrum var veitt heiðursmerki Helgafells. Valur Valsson SMR veitti fyrsta merkinu viðtöku. Þá veittu einnig fjórir fyrrverandi Stm. Helgafells merkinu viðtöku, þeir Einar Einarsson DSM, Bent Bjarnason RMR, Werner Ívan Rasmusson og Ingolf Jons Petersen.

Í tilefni af afmælinu voru Helgafelli færðar margar góðar gjafir. Má þar nefna t.d. nýja fundahamra fyrir embættismenn til nota á stúkufundum, gefnir af Andr.st. Huld, Hlín, Heklu og fr.st. Hörpu; fundahamar til að stýra borðhaldi, gefinn af fyrrverandi Stm. stúkunnar, þeim Einari Einarssyni, Bent Bjarnasyni og Ingolf Jons Petersen; bróðurbikar til nota fyrir Stm. við bróðurmáltíðir, gefinn af öllum embættismönnum Helgafells á þessu líðandi starfsári. Þeir munir sem þessar gjafir leystu af hólmi hafa nú verið færðar Minjasafni Reglunnar til varðveislu.

Steinn G. Ólafsson



George Washington, frímúrari, nefndur faðir bandarísku þjóðarinnar, stendur á pallinum við undirritun stjórnarskrár Bandaríkjanna. Á miðri mynd má sjá aðra þekktu frímúrara, Alexander Hamilton, Benjamín Franklín og James Madison. Málverkið er eftir Howard Chandler Christy.

Þáttur frímúrara í mannréttinda- og frelsisbaráttu Bandaríkjanna á 18. öld

Upplýsingastefnan speglaði sig í frímúrarastarfinu

Hver er hlutdeild frímúrara í þeirri umbyltingu sem varð beggja vegna Atlantshafsins á 18. öld? Er eitthvað hæft í staðhæfingum um samsæri frímúrara til að ræna völdum? Eiga frímúrarar heiðurinn af sjálfstæði Bandaríkjanna?

Frímúrarareglunni óx fiskur um hrygg á 18. öld, þeirri öld sem kennd er við upplýsinguna. Mannréttinda-barátta og frelsishugsjón fóru sem logi yfir akur um Evrópu og Norður-Ameríku á sama tíma og frímúrarareglan naut vaxandi vinsælda.

Sjálfstæðisyfirlýsing Bandaríkjanna árið 1776 og franska stjórnarbyltingin árið 1789 eru beinar og óbeinar afleiðingar þeirrar hugmynda-

stefnu sem upplýsingin markaði. Með tilliti til þess að frímúrarar voru í fylkingarbrjósti bæði í frelsisstríðinu í Bandaríkjunum og frönsku byltingunni vaknar áleitin spurning: Voru tengsl milli hugsjóna bræðralagsins og markmiða byltingarsinna?

Vísindalegur þankagangur ruddi gömlum kreddum úr vegi á sviði samfélagsmála, trúarbragða og stjórnmála. Um leið greiddi hann götu frelsis, umburðarlyndis, samhygðar, skynsemi og raunhyggju. Valdhafar, forréttindastéttir og gamalgrónar ríkisstofnanir, jafnvel kirkjan sjálf, fóru ekki varhluta af hinni nýju hugmyndafræði.

Hugsjónir byltingarmanna köll-

uðust á við hugsjónir sem frímúrarar höfðu haldið á lofti um aldir – sannleika, bræðralag og mannrækt – og af sjálfu leiddi að bræður í reglunni skipuðu sér í sveit ötulla málsvara upplýsingarstefnunnar. Og studdu þar með þá umbreytingu sem hún olli.

Í nýjasta hefti systurblaðs Frímúrarans í Kaliforníu segir að það sé „algeng goðsögn að reglan hafi staðið á bak við amerísku byltinguna” en sannleikurinn sé sá að „frímúrarareglan beri ekki ábyrgð á byltingunni heldur þær hugsjónir sem reglubræður aðhylltust”.

Frímúrarar stuðluðu vissulega að því með uppbyggilegum markmiðum sínum og siðferðisboðskap að lítt

burðug samsteypa uppreisnargjarnra breskra nýlendna sameinaðist í kraftmikla og framsækna þjóð á fáeinum áratugum, en þrátt fyrir það þykir ekki rétt að gera of mikið úr beinu sambandi milli frelsisstríðsins og frímúrarareglunnar.

Matthew Crow kennir við UCLA háskólann í Bandaríkjunum og stundar þar doktorsnám með fjárhagslegum styrk frá frímúrarareglunni. Styrknunum er ætlað að efla rannsóknir og skilning á starfsemi frímúrarara. Haft er eftir honum að heittrúarstefna hafi verið á hröðu undanhaldi á 18. öld en frímúrarareglan orðið mönnum eins konar siðferðislegt skjól að leita í.

„Á þessari stundu í mannkynsögunni skipti það öllu máli og veitti mönnum eins og George Washington og Benjamin Franklin innblástur,“ segir Crow.

George Washington og Benjamin Franklin eru meðal þeirra sem nefndir hafa verið feður bandaríska lýðveldisins eða „founding fathers“ og báðir voru frímúrarar. En það voru ýmsir fleiri bræður í þessum hópi, svo sem Paul Revere, Joseph Warren og Lafayette markgreifi, franskur aðalsmaður sem lét að sér kveða bæði í frelsisstríðinu gegn Bretum og frönsku byltingunni við hlið lýðveldissinna.

Hinir svonefndu feður lýðveldisins eru mismunandi margir eftir því hvaða sagnfræðingur er spurður. Um er að ræða forystumenn í stjórnámálum sem undirrituðu sjálfstæðisýfirlýsingu Bandaríkjanna árið 1776 eða tóku á annan hátt þátt í segja Bretakonungi upp hollustu eða áttu hlut í að semja og samþykka stjórnarskrána 1787–1788. Þá er einnig átt við stjórnálmenn, lögfræðinga, embættismenn, hermenn, opinbera erindreka og óbreytta borgara sem vöktu sérstaka athygli í baráttunni fyrir málstaðinn og bættum réttindum.

Við þetta bætist að tengsl feðranna við frímúrararegluna eru í einstaka tilvikum óljós.

Talnaleikfimi sem byggist á óljósum fjölda frímúrarara í mismunandi skilgreindum hópi feðra lýðveldisins svarar því ekki spurningunni um áhrif reglunnar á frelsisstríðið.

Á hinn bóginn verður ekki fram hjá því litið að upplýsingin og frímúrarareglan bárust vestur um haf til Norður-Ameríku á svipuðum tíma.

„Hugsjónir byltingarmanna kölluðust á við hugsjónir sem frímúrarar höfðu haldið á lofti um aldir – sannleika, bræðralag og mannrækt“

Sumir fræðimenn halda því fram að frímúrarareglan hafi verið með öflugustu boðberum þeirra gilda sem upplýsingarstefnan miðlaði frá Bretlandi til Frakklands, Hollands og síðast en ekki síst Ameríku.

Þótt fjöldi frímúrarara í framvarðarsveit lýðveldissinna geti ekki verið einhlítur mælikvarði á áhrif þeirra á þróunina til frelsis og mannréttinda, meðal annars vegna þess að margt verður til þess að skekkja hlutfallsreikninginn, þarf ekki að fara í graf-götur um það að grundvallarreglur frímúrarara höfðu mikið að segja. Það sést best á því hvað þátttaka í starfi frímúrarara hafði haft djúpstæð persónuleg áhrif á suma mestu forgöngumenn frelsisbaráttunnar, þá sem mótuðu stefnuna.

Þessu til stuðnings nægir í raun að nefna þjóðhetjuna George Washington, fyrsta forseta Bandaríkjanna, 1789–1797, sem stjórnaði hinum sameiginlega her nýlenduríkjanna sem vann sigur á Bretum. George Washington var tekinn upp í regluna í Virginíu árið 1752. Hann vann stöðugt að því að bæta sjálfan sig. Sagt er um hann í fyrrnefndu blaði að hann hafi verið fyrirmynd frímúrarara, virt háleitar hugsjónir þeirra í daglegu lífi og samþætt þær öllu sem hann tók sér fyrir hendur í hinum ytri heimi. Þær hafi verið hans leiðarljós, þar á meðal réttlæti, örlæti og frjáls ákvörðunarrettur, hvort sem var í leik eða starfi, stjórnámálum eða á vígvellinum.

Í erfðaskrá sinni tryggði hann

þrælum á plantekrum sínum frelsi og stuðning til að standa á eigin fótum. Þetta var svo að segja óþekkt á þessum tíma. Auk þess úthlutaði hann landi til ættingja, vina og þjónustufólks. Þá ánafnaði hann fé til byggingar skóla fyrir munaðarleysingja.

George Washington var ekki manna duglegastur að sækja stúku-fundi, hann var of upptekinn við að bjarga og stjórna landinu, en hann lagði sig fram um að læra, skilja og iðka dyggðir hvers frímúrarara. Alla sína starfstíð tengdist hann frímúrurum og starfi þeirra. Margir vina hans og liðsforingja voru bræður, Lafayette og Benjamin Franklin hafa þegar verið nefndir, John Hancock er enn einn og fleiri mætti nefna.

Í bréfum til reglubræðra lýsir George Washington aðdáun sinni á bræðralaginu. Á síðasta ári sínu á forsetastóli skrifaði hann til dæmis – í lauslegri þýðingu: „Aðild mín að því samfélagi sem við erum bræður í hvetur mig ávallt áfram í þeirri viðleitni að boða eftir bestu getu heiður og ávinning starfsins.“

Samantekið má segja að sterkasta tengingin milli frímúrarareglunnar og umbrotanna í Evrópu og Norður-Ameríku á 18. öld séu sameiginlegar meginhugsjónir í anda upplýsingarinnar – þótt þær hefðu engan veginn verið nýjar af nálinni meðal frímúrarara, sem fyrr segir.

Sjálfstæðisákvörðunarrettur einstaklingsins var ein þessara hugsjóna; enginn skyldi þurfa að þola skoðanakúgun hvorki yfirvalda né kirkju. Önnur var til að mynda skynsemi andstætt hindurvitnum og blindri hlýðni, að skynsemi leiddi til sannleika. Enn ein almennur réttur til þekkingar sem hefur í för með sér viðurkenningu á að allir séu fæddir jafnir. Loks má nefna vöxt og þróun frá barnskap, hjátrú og þrældómi til þroska, skynsemi og frelsis auk andstöðu við mismunun á grundvelli trúhneigðar og stjórnámalaskoðana.

Hljómar þetta kunnuglega í eyrum?

Þór Jónsson

Byggt að verulegu leyti á greinum í California Freemason febrúar/mars 2010

FRÍSKIR FÆTUR ERU UNDIRSTAÐA ÁRANGURS...
LÁTTU EKKI FÚNA FÆTUR SKEMMA GOLFÞÓ Í SUMAR.

RÁKAKREM
MÝKJANDI KREM FYRIR BURRAR FÆTUR
SKÓSPREY

Scholl
Foot Therapy
Deep Moisturising Cream
Continuous Hydration

Scholl
NEW
CALLUS & Hard Skin Reducing Cream
Reduces callus and hard skin in 7 days
Softens & smoothes skin

Scholl
Odour Free Shoe Spray
LONG PERFORMANCE

Scholl

FALLEGIR OG FRÍSKIR FÆTUR MED SCHOLL



Grand

RÁÐSTEFNUR OG VEISLUHÖLD

Hjá Grand Hótel Reykjavík leggjum við okkur fram um að bjóða bestu og tæknilega fullkornustu ráðstefnuaðstöðu á landinu.

Á hótelinu er frábær aðstaða fyrir 6–450 manna ráðstefnur, 14 funda- og veislusalir og aðstaða fyrir stórsýningar og stórar og smáar veislur. Fjarfundir og beinar útsendingar.

Grand Hótel Reykjavík / Sigtúni 38 / 105 Reykjavík
Sími 5148000 / Fax 5148030 / www.grand.is / radstefnur@grand.is

Grand
HÓTEL
REYKJAVÍK



Sigríður Lillý Baldursdóttir.
Ljósmynd Jón Svavarsson.



Milli 70 og 80 bræður og systur sóttu fundinn og var gerður góður rómur að máli framsögumanns. Ljósmynd Jón Svavarsson

Lífeyrismál í brennidepli á gagnlegum fræðslufundi

Þann 14. mars sl. efndi Fræðslunefnd til fundar um lífeyrismál í Frímúrarahúsinu við Skúlagötu. Formaður Fræðaráðs Gunnlaugur Claessen, YAR, flutti inngangsorð þar sem hann undirstrikaði mikilvægi öryggisnets velferðarkerfisins, og setti því næst fundinn. Þá tók við Sigríður Lillý Baldursdóttir, forstjóri Tryggingastofnunar ríkisins, með erindi sem hún nefndi „Réttur til ellilífeyris og annara bóta almannatrygginga“.

Í erindi sínu skýrði Sigríður Lillý í stórum dráttum lagaumhverfi bótakerfis almannatrygginga svo og regluverk í kringum það. Lagði hún

áherslu á að draga fram aðalatriði almannatryggingakerfisins, helstu kosti þess og galla. Þá fjallaði hún nokkuð um rétt til lífeyris og hvað veitir þann rétt, bætur almannatrygginga og upphæðir og þær ótal skerðingar sem geta haft áhrif á þær. Hún fór aðeins yfir þær breytingar sem orðið hafa síðustu misseri, en þær hafa fyrst og fremst verið til skerðingar þó undantekningar séu þar á.

Loks rakti Sigríður Lillý ýmsar tölulegar staðreyndir um starfsemi Tryggingastofnunar, umfang hennar og breyttar áherslur um framkvæmd og upplýsingar í seinni tíð. Þá voru

mjög athyglisverðar hugmyndir sem hún reifaði varðandi breytingar sem hún sæi fyrir sér, sem gætu leitt til einföldunar kerfisins, sem og skýrari og réttlátari afgreiðslu mála hjá stofnuninni.

Með Sigríði Lillý á fundinn kom Margrét Jónsdóttir, starfsmaður TR, og ræddu þær stöllur við fólk eftir fund um mál sem snéru að því persónulega og gáfu því tíma til að koma og ræða sín mál.

Milli 70 og 80 bræður og systur sóttu fundinn og var gerður góður rómur að framtakinu, enda þessi mála-flokkur á stundum flókin og illskiljanlegur fólki sem ekki hefur sett sig þeim mun betur inn í hann. Fundarstjórar voru Steinn G. Ólason, Stm. Helgafells og Gunnar Þórólfsson, Stm. Eddu og först þeim félögum fundarstjórnin vel úr hendi. Þórður Jónsson

Íslenskt handverk
efnismiklir og vandaðir hringar
smíðaðir af Ívari Björnssyni,

*lattu sjá þig
við tökum vel á móti þér!*

Attundu gráðu hringur



bjóðum alla gull og silfursmíði,
sérsmíði, leturgröft
og viðgerðir.

Frímúrarahringurinn



hver hringur
er númeraður
og skráður

Gull & Demantar
IVAR BJÖRNSSON
GULLSMÍÐUR OG LETURGRAFARI
skólavörðustíg 2 - sími 562 2222 & 551 1290 -fax 562 2282



Frímúrararakórinn heldur á lofti tónlist sem tengist frímúrarareglunni.
Ljósmynd: Jón Kristinn Cortez.

Frímúrararakórinn og stúkulögin

Starf Frímúrarakórsins hefur verið kraftmikið síðustu mánuðina en að sama skapi annasamt. Kórinn hefur eftir föngum sinnt því hlutverki sínu að syngja á fundum innan Frímúrarareglunnar. Má þar nefna 90 ára afmælisfund St. Jóh. Eddu og 75 ára afmælisfund St. Andr. Helgafells. Að venju söng kórinn á Regluhátíð og hélt árlega tónleika sína í marslok. Um 40 bræður halda uppi reglubundnu starfi þó fleiri taki þátt um lengri eða skemmri tíma. Kórinn hefur átt gott samstarf við söngvara

og tónlistarmenn í Reglunni. Ber þar hæst meðleikara kórsins Jónas Þóri. Jón Kristinn Cortez hefur stjórnað kórnum síðustu átta árin.

Nýlega lauk kórinn hljóðritun „stúkulaga“ og fór hún fram í Víðistaðakirkju undir stjórn Sigurðar Rúnars Jónssonar. Um er að ræða lög sem hafa verið tileinkuð ákveðnum stúkum eða tengjast starfsemi þeirra. Of langt yrði að telja upp nöfn allra ljóða- og lagahöfundu. Þó ber að nefna veigamikil framlag Sigfúsar Halldórssonar. Við sama tækifæri voru

hljóðrituð nokkur lög sem tengjast reglustarfi fyrstu áratuginna.

Hljóðritun stúkulaganna átti sér nokkurn aðdraganda. Jón Kristinn Cortez hafði farið þess á leit við alla Stm. að kórinn fengi afrit af lögum og ljóðum viðkomandi stúku. Skipuleg söfnun laga, sem tengjast frímúrarastarfinu á Íslandi, fór síðast fram 1947 þegar „bláa bókin“ var tekin saman. Því má skjóta hér inn að Jón Kristinn hefur nú fært öll lög þeirrar bókar í tölvutækt form. Markmiðið er að gefa „bláu bókina“ út á nýjan leik og stuðla að því á ýmsan annan hátt að lög hennar geti gengið í endurnýjun lífdaga.

Viðbrögð við þessu nýja söfnunarátaki voru mismunandi. Rúnarbræður sendu gott safn laga en flestar stúkurnar sendu aðeins eitt. Hjá yngri stúkunum er ekki úr mörgum að velja en aðrar sendu það lag sem best „lifir“ meðal stúkubræðra.

Það hefur verið stefna Frímúrarakórsins að halda á lofti þeirri íslensku tónlist, þeim menningararfi, sem tengist frímúrarastarfinu; tónlist sem ekki verður flutt af öðrum karlakórum. Söfnun og hljóðritun stúkulaganna er í samræmi við þá stefnu. Þó söfnunarátakið hefði mátt skila fleiri lögum má ekki láta staðar numið. Rannsaka verður nánar gamlar heimildir um lög og ljóð sem tileinkuð hafa verið einstökum stúkum. Í því sambandi er mikilvægt að samræma skrásetningu og varðveislu. Kynning, hljóðritun og útgáfa á þessum tónlistararfi hlýtur síðan að fylgja í kjölfarið.

Sigmundur Örn Arngrímsson

EIRVÍK

www.eirvik.is



www.kjarnafoedi.is

bananar ehf.

www.bananar.is

Ekran

www.ekran.is



www.bonus.is

mbl.is

Nýr stólmeistari St. Jóh.stúkunnar Eddu í Reykjavík



Gunnar Þórólfs-
son.

Nýlega fór fram stólmeistarakjör í St. Jóh.st. Eddu. Kjörinn var br. Gunnar Þórólfsson og hefur SMR, Valur Valsson, sett hann í embættið.

Gunnar Þórólfsson er fæddur í Reykjavík 28. júlí 1945.

Foreldrar hans eru Þórólfur Meyvantsson og Guðrún Eyjólfsdóttir.

Gunnar hefur starfað hjá Pósti- og síma og síðar Símanum frá árinu 1967. Gunnar hefur sinnt ýmsum störfum í félagsmálum, m.a. verið í stjórn og ýmsum nefndum hjá Félagi íslenskra símamanna og BSRB.

Gunnar gekk í St. Jóh.st. Eddu árið 1986 og hefur gegnt þar ýmsum embættum og verið Vm. stúkunnar undanfarin sex ár.

Hann er kvæntur Jóhönnu Friðgeirsdóttur og eiga þau tvö börn og Gunnar einn fósturson, átta barnabörn og tvö barnabarnabörn.

Nýr stólmeistari St. Jóh.stúkunnar Njálu á Ísafirði



Gunnar Halls-
son.

Nýr Stm. St. Jóh.st. Njálu, br. Gunnar Hallsson, var kjörinn þann 15. mars síðastliðinn. Br. Gunnar hefur starfað í fjölmörgum embættum í stúkunni frá því hann gekk í regluna, en undanfarin 5 ár hefur hann verið í embætti 1. Vm og formaður

bræðranefndar stúkunnar.

Gunnar er fæddur á Siglufirði árið 1948, sonur hjónanna Vigdísar Magnúsdóttur og Halls Sigurbjörnssonar. Að loknu námi í gagnfræðaskóla hóf hann iðnnám í rennismíði og lauk sveinsprófi árið 1968.

Frá 1999 hefur Gunnar starfað við íþróttamiðstöðina Árbæ í Bolungarvík þar sem hann annast daglegan rekstur. Gunnar Hallsson er kvæntur Oddnýju Guðmundsdóttur og eiga þau hjón þrjú börn og sex barnabörn.

Þann 15. mars síðastliðinn stjórnaði Valur Valsson SMR innsetningu br. Gunnars í embætti.

Opnunartímar bókasafna Reglunnar

Reykjavík:

Mán., þrið. og mið. kl. 17.00 – 18.30
Sunnudaga kl. 10.00 – 11.30

Akureyri:

Þriðjudaga kl. 17.00 – 18.30
Sunnudaga kl. 10.00 – 11.30

Ísafjörður:

Mánudaga kl. 8.00 – 10.00 þegar ekki eru fundir
Sunnudaga kl. 10.00 – 12.00

Hafnarfjörður:

Mánudaga kl. 19.00 – 20.30
Laugardaga kl. 13.00 – 14.30
Sunnudaga kl. 10.00 – 11.30

Akranes:

Mán., þrið. og mið. kl. 17.00 – 18.30
Sunnudaga kl. 10.00 – 11.30

Keflavík:

Fimmtudaga kl. 20.00 – 22.00
Sunnudaga kl. 10.00 12.00

Selfoss:

Mán., þrið. og mið. kl. 17.00 – 18.30
Laugardaga kl. 15.00 – 17.00
Sunnudaga kl. 10.00 – 11.30

Sauðárkrókur:

Alla þriðjud., þá daga sem ekki eru fundir, kl. 20.00 – 21.30
Frá kl. 17.30 þá daga sem fundir eru

Samdægurs þjónusta!

Hreinsum – þvóm – pressum!
Öll almenn hreinsun og þvottur
Samdægurs þjónusta
– sama verð

Sækjum og sendum ef þess er óskað



Vitastíg 13
Sími 551 2301
www.udafoss.is





Halldór Á. Guðbjarnason, þáverandi stólmeistari Eddu, stjórnaði fundi og borðhaldi á 90 ára afmælishátíð stúkunnar. Ljósmynd: Jón Svavarsson.

90 ára afmælishátíð Eddu

- Vandaður hljómdiskur gefinn út í tilefni afmælisins

Þann 15. nóvember sl. hélt St. Jóh. st. Edda hátíðlega upp á níutíu ára afmæli stúkunnar með H&V. Stúkan var formlega stofnuð mánudaginn 6. janúar 1919 í Nathan og Olsen-húsinu að Austurstræti 16 en það hús var síðar kennt við Reykjavíkurapótek. Edda hélt löngum upp á stofndag sinn á Jónsmessunni, 24. júní, en fyrir nokkrum árum var ákveðið að færa afmælishátíð hennar yfir á stofndag Bræðafélagsins Eddu, 15. nóvember, sem var undanfari stofnunar frímúrarastúku á Íslandi.

Á 90 ára afmælishátíðinni, sem var fjölmenn, var mikið um dýrðir. Stm. stúkunnar, br. Halldór Á. Guðbjarnason, stjórnaði fundi og borðhaldi. Margir R&K sýndu stúkunnar þann sóma að mæta á fundinn og fagna þessum einstöku tímamótum með Eddubræðrum. Meðal Eddubræðra á fundinum voru þeir fyrrverandi Sm. stúkunnar þeir Steinar J. Lúðvíksson,

Gunnar Petersen og Sverrir Örn Kaaber.

Tónlist skipaði veglegan sess á afmælisfundinum. Br. Eiríkur Hreinn Helgason söng við undirleik br. Smára Ólasonar, m.a. lög sem eru á hljómdiski sem gefinn var út í tilefni afmælisins og hefur að geyma fjölmörg frímúraralög sem sjaldan heyrast.

Br. Sverrir Örn Kaaber flutti aðalræðu hátíðarinnar og fjallaði þar um aðdraganda og stofnfund Eddu. Við borðhaldið fluttu Stm. nokkurra stúkna og erlendir gestir kveðjur og árnaðaróskir frá öðrum stúkum og var þeim vel fagnað.

Á miklum tímamótum sem þessum má segja að tækifæri gefist fyrir alla frímúrara að líta um öxl. Minnst hins ævafora upphafs frímúrarastarfsins og frumkvöðla á hinum Norðurlöndunum og á Íslandi – þess er frímúrarabekkingin var færð til okkar.

Undanfarin ár hafa bræður í Eddu

verið um 600 talsins. Margir þeirra eru búsettir utan höfuðborgarsvæðisins og starfa í fræðslustúkunum í Vestmannaeyjum og á Austurlandi en Edda er móðurstúka þeirra. Eins og flestum mun kunnugt er Edda fjölmennasta St. Jóh.stúka á Íslandi, enda langelst þeirra.

Vert er að ítreka það að í tilefni afmælisins gaf Edda út hljómdisk með frímúraralögum eftir íslensk tónskáld. Mörg þeirra hafa lítið heyrst undanfarna áratugi en þau eru, og einnig textar þeirra, mikill fjársjóður og menningararfleifð frímúrara. Diskinn fengu allir þeir er sóttu afmælishátíðina og hann er einnig til sölu hjá Frímúrarareglunni. Flytjendur tónlistarinnar eru bæði einsöngvarar og frímúrarakórinn en það var söngstjóri stúkunnar, br. Smári Ólason, sem átti frumkvæðið að útgáfu disksins og stjórnaði henni.



Neutral



ikke tilsat parfume,
optisk hvidt
og farvestoffer

DEKL.
MED AS



Neutral skyllemiddel



ikke tilsat parfume
og farvestoffer

4 x koncentreret

En holdning til følsom hud

Neutral[®]



ikke tilsat parfume,
optisk hvidt
og farvestoffer



DEKLARERET I SAMARBEJDE
MED ASTMA ALLERGI FORBUNDET



En holdning til følsom hud



SIMMS



Láttu þér líða vel



VEIÐIHORNIÐ

Síðumúla 8 – Veidihornid.is